

Fagráð í hrossarækt

105. fundur

Staður og stund: Teamsfundur, þriðjudaginn 18. október 2022. Kl. 18.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason og Elsa Albertsdóttir. Gunnar Eiríksson, Hulda Gústafsdóttir og Sýlvía Sigurbjörnsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Ráðstefna fagráðs í hrossarækt 2022
3. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.

2. Ráðstefna fagráðs í hrossarækt 2022

Farið var yfir dagskrá að ráðstefnu fagráðs í hrossarækt 2022. Sveinn Ragnarson mun verða ráðstefnustjóri. Elsa Albertsdóttir fer yfir ræktunarárið, verðlaunaveitingar, tilnefningar ræktunarbúa og viðurkenningar fyrir afkvæmahross, þ.e. heiðursverðlaunahryssur og þá stóðhesta sem náð hafa lágmörkum fyrir afkvæmi bæði fyrstu verðlaunahestar og heiðursverðlaunahest.

Í ár eru mjög margar hryssur sem náð hafa lágmörkum til afkvæmaverðlauna eða alls tuttugu talsins. Það er vert að endurmeta viðmið í vor. Sú þróun í kynbótamatinu sér í lagi hvað varðar mætingu í kynbótadóm hafði mjög jákvæð áhrif á hryssur þar sem mætingarhlutfallið er hátt. Það hefur jákvæð áhrif á kynbótamat aðaleinkunnar og kynbótamat aðaleinkunnar án skeið sem gerir það að verkum að mun fleiri hryssur náðu lágmörkum 2020. Sömu áhrifa gætir í ár. Þá var rætt um að endurskoða viðmiðin en árið 2021 voru hryssurnar mun færri og var því talið að vissu jafnvægi hefði verið náð. Í vor var áframhald á þróun kynbótamatsins þar sem hætt var að leiðrétta fyrir landi. Kynbótamat hrossa breyttist talsvert við það þó svo breytingin hafi verið misjöfn milli landa. Líklegt er að kerfið nái aftur jafnvægi líkt og gerðist 2021 en það er vert að kanna þetta næsta ár og endurmeta viðmið til afkvæmaverðlauna hryssna.

Á ráðstefnunni veður haldin vinnustofa um framtíð aðkomu kynbótahrossa á landsmótum. Fagráð er að vinna að gerð spurninga sem lagðar verða fyrir ráðstefnugesti í formi vinnustofu.

Bændasamtök Íslands eru í samstarfi við fagráði að ráðstefnunni og Eiðfaxi mun sjá um að streyma ráðstefnunni. Enn fremur kemur Alendis að ráðstefnunni með gerð myndbanda um hross og menn sem munu hljóta viðurkenningar og verðlaun.

3. **Önnur mál.**

Elsa for stuttlega yfir það sem helst var farið yfir á ræktunarnefndarfundi FEIF sem haldin var í Hollandi síðastliðna helgi. Þau mál verða tekin svo fyrir á febrúarráðstefnu FEIF á næsta ári þar sem fyrirbyggjandi ákveðið verður um þau málefni sem voru til umfjöllunar, nánar um það síðar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 19:30

Við pennann: Elsa Albertsdóttir